

✉ Re: Skógræktaráætlun Lakheiði og Lækjabotna. Beiðni um umsögn.

Búið til	19.11.2020 13:54:21
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	19.11.2020 13:54:20
Tilheyrir	📁 202010-0016 - Skógræktaráætlun Lakheiði og Lækjabotna

Efni

Re: Skógræktaráætlun Lakheiði og Lækjabotna. Beiðni um umsögn.

Upplýsingar

Upplýsingar		Vinnsla	
Sent	19.11.2020 13:54:20	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	berglindok@kopavogur.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0016 (JG, KJ, OKV, LÁ, RT, KHS, TB)

Vísað et til bréfs frá Kópavogsbæ, dags. 7. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skógræktaráætlun fyrir Lakheiði í Lækjarbotnum.

Lakheiði/Lækjarbotnaland



- Um er að ræða svæði þar sem mikil gróður- og jarðvegseyðing hefur átt sér stað og miðað við myndir er ennþá jarðvegsrof í gangi. Þetta sést bæði á lofmyndum og drónamyndum sem Náttúrufræðistofnun hefur tekið af svæðinu vegna annarra rannsókna. Lakheiði er sem sagt talsvert rofið land með háum þúfum grónum hraungambra og lyngi á milli þeirra. Lyngdældir eru í rákum í landinu en þær eru vel grónar, vaxnar aðalbláberjalyngi og blágresi og ýmsum brönugrasategundum.
- Almennt er ekkert því til fyrirstöðu að græða þetta land upp. Eins og áætlunin er sett fram á að planta að stórum hluta birki um 60%. Hér mætti leggja enn meiri áherslu á birki og stefna markvissara að endurheimt náttúruskóga sbr. lög um skógrækt. Landið á þessu svæði virðist vera að gróa eitthvað upp miðað við mosabekjuna á melkollum en er engu að síður mjög rýrt ennþá.
- Ekkert votlendi virðist vera skráð á svæðinu skv vistgerðarkortinu

- Með birkinu geta vaxið ýmsar aðrar tegundir og skjól og snjósöfnunaráhrif þess virkar að öllum líkindum hvetjandi fyrir aðrar tegundir úr flóru landsins sem er vel. Hér má horfa til þess að gróðursetja ekki í gróið land svo öðrum tegundum fækki síður.
- Skynsamlegt væri að hlífa lyngdældum við útplöntun en það mundi líka auka á fjölbreytni skógarins að hafa slík svæði innan hans.
- Líklegt má telja að lyngmóavist eigi undir högg að sækja vegna skógræktar víða um land, sem og fleiri mólendisvistgerðir. Náttúrufræðistofnun telur að sneiða eigi hjá því að gróðursetja í lyngmóavist, lynghraunavist (báðar með miðlungs verndargildi) og grasmóann (hátt verndargildi). Gróðursetja frekar í jaðra gróðurtorfa og í hraungambravistina sem mikið er af og hefur lágt verndargildi. Með því að sneiða hjá því að gróðursetja í gróðurleifar sem eftir eru mætti hugsanlega hlífa búsvæðum þess fuglalífs sem þar er þó takmarkað sé.




- Náttúrufræðistofnun fór ekki á vettvang til að kanna þetta svæði sérstaklega m.t.t. skógræktar. Óvíst er hvort eitthvað er af fjalldrapavist á svæðinu og ef svo er er ekki æskilegt að gróðursetja í þá

vistgerð. Hún hefur miðlungsverndargildi en er á mörkum útbreiðslu sinnar á þessu landshorni – sjá myndir. Svæðið er hugsað til útivistar og því gott að hafa fjölbreyttan náttúrulegan gróður.



- Stafafura á að vera 18%. Það er ekki svo hátt hlutfall af heildarfjölda plantna en fjöldi einstaklinga sem á að gróðursetja er 21 þúsund plöntur. Stafafuran hefur verið að sá sér út í íslenskum gróðurlendum (sjá t.d. þessa heimild: „Niðurstöður mælinga sýna að útbreiðslusvæði stafafurunnar hefur aukist úr 2,3 ha í 19,7 ha og hún nær lengst 335 m frá skógræktinni. Á 26 árum hafa því sjálfááar stafafuruplöntur dreift sér á 17,4 ha lands. Stafafuran vex á vel grónu landi en einnig á tiltölulega gróðurrýru landi þar sem lyng og mosi eru ríkjandi gróður“ <https://www.vinirvatnajokuls.is/media/3056/lokaskýrsla-stafafura-i-stadarfjalli-i-sudursveit.pdf> (<https://www.vinirvatnajokuls.is/media/3056/lokaskýrsla-stafafura-i-stadarfjalli-i-sudursveit.pdf>) . Hugsanlegt er að stafafuran geti breiðst þarna út með tíð og tíma og þá auðvitað utan skógræktarsvæðisins líka. Friðuðu svæðin Bláfjöll og Reykjanesfólkvangur er ekki langt undan svo og hraunin sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þó hraunin með tíð og tíma muni gróa

upp þá er ekki ástæða til að stuðla að sjálfsáningu framandi tegunda inn í þau. Þetta á einnig við ef um er að ræða menningarminjar.



- Samkvæmt skráningum Náttúrufræðistofnunar eru válistaplöntur ekki skráðar á svæðinu.
- Eins og áður segir leggur Náttúrufræðistofnun ríka áherslu á að skógræktin hafi ekki áhrif á hraun eða hraunmyndanir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. Innan skógræktarsvæðisins er tvö forsöguleg hraun frá nútíma; Stropahraun og Strípshraun, sjá (<https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>)) Bæði hraunin eru runnin úr Brennisteinsfjalla eldstöðvakerfinu. Planta þarf fjarri hraunum til að halda jöðrum þeirra og koma í veg fyrir sjálfsáningu framandi tegunda inn á þau. Dæmi um óásættanlega og óábyrga plöntun trjáa við jaðra hrauna má t.d. sjá við Kaldárhraun í Hafnarfirði sem er friðlýst sem náttúruvætti, vegna helluhraunsins, sjá meðfylgjandi myndir.





Plöntun á furu við Kaldárhraun í Hafnarfirði.

- Fuglalíf á svæðinu telst ekki sérstakt, fábreytt og strjált.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Berglind Ósk Kjartansdóttir" <berglindok@kopavogur.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Birgir Hlynur Sigurðsson" <Birgir@kopavogur.is>; "Auður Dagný Kristinsdóttir" <audurdk@kopavogur.is>; "Friðrik Baldursson" <fridrik@kopavogur.is>
Subject: Skógræktaráætlun Lakheiði og Lækjabotna. Beiðni um umsögn.
Date: 8.10.2020 10:58:36

Skógræktaráætlun Lakheiði og Lækjabotna.

Að beiðni Kópavogsbæjar tók Skógræktarfélag Íslands að sér að kortleggja svæði á Lakheiði í Lækjarbotnum sem er í aðalskipulagi Kópavogs skilgreint sem „skógræktar- og landgræðslusvæði“ og gera skógræktaráætlun.

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs dags. 7. september 2020 kynnti Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands drög að skógræktaráætlun á svæði sem lengi hefur verið skilgreint skógræktar- og uppgræðslusvæði í Aðalskipulagi Kópavogs.

Skipulagsráð samþykkti að framlögð skógræktaráætlun verði send hagsmunaaðilum til umsagnar.

Frestur til að skila inn ábendingum og umsögnum er til og með 13. nóvember 2020.

Athugasemdum og umsögnum má skila skriflega til Skipulags- og byggingardeildar Kópavogs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða með tölvupósti á skipulag@kopavogur.is (<mailto:skipulag@kopavogur.is>)

Drög að skógræktaráætlun verður einungis send rafrænt nema óskað verði sérstaklega eftir öðru.

Óskað er umsagnar eftirtalinna aðila:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit
- Minjastofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Stjórnarráðið, forsætisráðuneytið
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Reykjavíkurborg
- Hafnafjarðarbær
- Mosfellsbær
- Sveitafélagið Ölfus
- Garðabær
- Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Bestu kveðjur,

Berglind Ósk Kjartansdóttir

Ritari

Umhverfissvið, skipulags- og byggingardeild

Sími 441 0000

Kópavogsbær | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogur

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt

er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the

addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your

system.

Viðhengi

image002.jpg (102 KB)

image001.gif (2 KB)

image018.jpg (41 KB)

image006.jpg (88 KB)

image019.jpg (62 KB)

image015.jpg (45 KB)

image020.jpg (116 KB)

image011.jpg (49 KB)